



Reykjavík 18. maí 2021

IE21040019

HS

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Breyting á heiti Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar

Innleiðingaráætlun á sameiningu þriggja eftirlitseininga undir stjórn og á ábyrgð innri endurskoðanda sem lögð var fyrir borgarráð í júní á síðasta á síðasta ári gerði ráð fyrir því að leitað yrði hugmynda að nýju heiti fyrir sameinaðar eftirlitseiningar. Nú þegar við starfsfólk hinna sameinuðu eininga höfum starfað saman um nokkurra mánaða skeið finnum við sterka þörf fyrir að taka upp nýtt nafn sem undirstrikar að við vinnum sem ein eining en ekki þrjár ólíkar.

Rætt var við ytri aðila og starfsfólk umræddra eininga og kallað eftir nafnatillögum. Allmargar tillögur komu fram en tekin var ákvörðun um ræða sex þeirra í samráði við starfsfólk Innri endurskoðunar og stjórnendur í miðlægri stjórnsýslu. Tillögurnar sem voru til umfjöllunar á þeim vettvangi voru:

- ✚ Borgareftirlit og ráðgjöf
- ✚ Borgareftirlitið – innri endurskoðun og ráðgjöf
- ✚ Borgarendurskoðun
- ✚ Borgarráðgjöf og eftirlit
- ✚ Innri endurskoðun og ráðgjöf
- ✚ Ráðgjafar- og eftirlitsstofa Reykjavíkurborgar

Niðurstaða nafnaleitarinnar varð einum rómi sú að óska eftir því við borgarráð að breyta heiti skrifstofunnar í **Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar**. Búið er að kynna niðurstöðuna fyrir endurskoðunarnefnd sem bókaði við það tilefni að heitið hafi þann kost að það er nokkuð lýsandi um hlutverk eftirlitseiningarinnar þó það sé fremur óþjálmt. Þannig var það mat nefndarinnar að heitið sé viðeigandi fyrir skrifstofuna.

Virðingarfyllt

Hallur Símonarson,
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar